

Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu tæplega 2,5 milljörðum króna í október, en þar af voru rúmir 2 milljarðar króna vegna almennra lána. Samtals námu útlán á fyrstu tíu mánuðum ársins 2010 tæpum 23 milljörðum króna samanborið við rúmlega 26 milljarða á sama tímabili ársins 2009. Meðalútlán almennra lána voru um 9,6 milljónir króna í október en um 10,2 milljónir í september síðastliðnum.


5. október sl. ákváðu aðalmeðlurarar og Íbúðalánasjóður að gera tímabundna breytingu á 3. gr. aðalmeðlarasamningsins, sem var undirritaður 16. júní 2010 og tók gildi 1. júlí 2010, í tengslum við útböð íbúðabréfa og um viðskiptavakt íbúðabréfa á eftirmaarkaði. Með breytingunni var hámarksmunur kaup- og sölutilboða fyrir íbúðabréf aukinn, og var hún gerð til að auðvelta viðskiptavökum að sinna viðskiptavakt með íbúðabréf.

Stjórn Íbúðalánasjóðs hefur ákveðið að taka upp nýtt skipurit fyrir sjóðinn. Miklar áherslubreytingar hafa orðið á umhverfi sjóðsins undanfarna mánuði og er tilgangur breytinganna að koma til móts við þessar áherslur. Er nú unnið að innleiðingu nýja skipuritsins.

27. október birti Hagstofa Íslands vísitölu neysluverðs fyrir verðlag í október. Nam hækkun vísitöluinnar 0,74% frá fyrra mánuði, sem var yfir spám markaðsaðila. Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa hækkaði um 28 punkta í HFF14 í kjölfarið, en hækkaði um 9-18 punkta eftir lengri flokkum bréfanna.

Heildarvelta íbúðabréfa nam um 70 milljörðum króna í október samanborið við um 199 milljarða í september. Það sem af er ári hefur heildarvelta íbúðabréfa numið rúmum 708 milljörðum króna miðað við um 809 milljarða á sama tímabili í fyrra.


Greiðslur Íbúðalánasjóðs námu tæpum 7,6 milljörðum króna í október, en þær voru að mestu vegna afborgana íbúðabréfa. Uppgreiðslur lána Íbúðalánasjóðs í október námu tæpum 1,4 milljörðum króna.




Flokkur	Ágúst 2010	Sept. 2010	Okt. 2010	Meðal-líftími	Nafn- verð	Eft.st. nafn.
HFF14	2,08%	1,94%	1,70%	2,1	70,7	31,4
HFF24	2,91%	3,31%	3,30%	6,3	161,0	121,1
HFF34	2,95%	3,20%	3,49%	10,4	168,5	146,1
HFF44	2,92%	3,21%	3,46%	13,7	256,6	237,9

*Avöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar. Meðallíftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok október '10. Af heildarútgáfu nafnverðs eru 9,6 ma. króna í HFF14, 9,6 ma. króna í HFF24, 9,6 ma. í flokki HFF34 og 9,6 ma. í flokki HFF44 sem tilheyra lánaþyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.


Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma.ISK)



Vextir Íbúðalánasjóðs 2006-2010



Mánaðarleg heildarútlán Íbúðalánasjóðs



Útböð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2010

Í milljörðum króna	Áætlun Q4	Raun Q4	Áætlun 2010	Raun Jan-okt. 2010
Útgáfa íbúðabréfa	11 - 13	0,0	42 - 50	34,8
Samtals ný útlán ÍLS	7 - 9	2,5	25 - 33	22,8
Greiðslur ÍLS	16 - 18	7,6	65 - 73	65,0

Tölur í milljörðum króna

Endurskoðuð áætlun 2010

Í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Alls 2010
Útgáfa íbúðabréfa	9 - 11	12 - 14	10 - 12	11 - 13	42 - 50
Ný útlán ÍLS	5 - 7	6 - 8	7 - 9	7 - 9	25 - 33
Greiðslur ÍLS	15-17	20 - 22	14 - 16	16-18	65 - 73

Tölur í milljörðum króna

Útböð íbúðabréfa

